

Reginn ehf.  
Ársreikningur 2009

Reginn ehf.  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík

kt. 630109-1080

# Efnisyfirlit

---

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Regins ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Tilgangur félagsins er sá að annast umsýslu og rekstur fasteigna og fasteignafélaga. Í því felst að félagið mun m.a. leigja út og eða selja fasteignir, auk þess að vinna að uppbryggingu einstakra verkefna.

Tap var á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 16,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 15,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 0,5 millj. kr. sem er allt í eigu NBI hf. Visað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum.

Á fyrsta ársfjórðungi 2010 var hlutafé félagsins aukið um 1.064,0 millj.kr. í þeim tilgangi m.a. að jafna út tap félagsins þannig að strax á fyrsta ársfjórðungi er eigið fé félagsins orðið jákvætt og fjárhagsuppbrygging í samræmi við markmið eiganda félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitnesku er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á eigin fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn geymi glögga mynd um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helsu áhættubáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Regins ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12 / 08 2010.

Í stjórn félagsins:



Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðenda

Stjórn og hluthafi Reginss ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reginss ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við téljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 8 með ársreikningnum þar sem greint er frá þeirri óvissu sem hefur skapast í íslensku efnahagslífí og mögulegum áhrifum hennar á endanlega niðurstöðu um gangvirði fjárfestingareignar samstæðunnar.

Reykjavík, 12. / 08. 2010.

**KPMG hf.**

*Regnir Steffan Gylfason*

# Rekstrarreikningur ársins 2009

---

	Skýr.	Samstæða 2009	Móðurfélag 2009
<b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld:</b>			
Rekstrartekjur .....	52.828	12.000	
Rekstrarkostnaður fjárfestingaeigna .....	( 30.010)	( 1.934)	
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>22.818</b>	<b>10.066</b>	
Stjórnunarkostnaður .....	6 ( 39.237)	( 30.603)	
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....</b>	<b>( 16.419)</b>	<b>( 20.537)</b>	
Vaxtatekjur .....	98	0	
Vaxtagjöld .....	( 3.072)	( 694)	
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>	<b>( 2.974)</b>	<b>( 694)</b>	
Áhrif dótturfélaga .....	0	1.395	
<b>Tap fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>( 19.393)</b>	<b>( 19.836)</b>	
Tekjuskattur .....	7 3.379	3.822	
<b>Tap ársins .....</b>	<b>( 16.014)</b>	<b>( 16.014)</b>	

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	<b>Skýr.</b>	<b>Samstæða 2009</b>	<b>Móðurfélag 2009</b>
<b>Eignir</b>			
Fjárfestingareignir .....	8	15.131.866	0
Eignir til eigin nota .....	9	121.332	3.777
Eignarhlutur í dótturfélögum .....	18	0	1.505.940
Tekjuskattseign .....	14	4.521	3.822
Áhættufjármunir og langtímakröfur .....	10	92.656	0
		<u>Fastafjármunir</u>	<u>1.513.539</u>
		<u>15.350.375</u>	<u>1.513.539</u>
Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur .....	11	345.135	10.069
Kröfur á tengd félög .....	17	0	49.760
Handbært fé .....		117.795	0
		<u>Veltufjármunir</u>	<u>59.829</u>
		<u>462.930</u>	<u>59.829</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>15.813.305</u>	<u>1.573.368</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		500	500
Ójafnað eigið fé .....		( 16.014)	( 16.014)
	<b>Eigið fé, neikvætt</b>	<u>12</u>	<u>( 15.514)</u>
		<u>( 15.514)</u>	<u>( 15.514)</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	13	9.471.103	1.200.000
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	138.347	0
Skuldbinding vegna dótturfélags .....	18	0	1.456
		<u>Langtímaskuldir</u>	<u>1.201.456</u>
		<u>9.609.450</u>	<u>1.201.456</u>
Vaxtaberandi skuldir .....	13	4.365.720	367.458
Ógreitt kaupverð fjárfestingareigna .....	15	1.522.000	0
Skuld við tengd félög .....	17	7.034	7.034
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	16	324.615	12.934
		<u>Skammtímaskuldir</u>	<u>387.426</u>
		<u>6.219.369</u>	<u>387.426</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>15.828.819</u>	<u>1.588.882</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>15.813.305</u>	<u>1.573.368</u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2009

	<b>Skýr.</b>	<b>Samstæða 2009</b>	<b>Móðurfélag 2009</b>
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Tap ársins .....	( 16.014)	( 16.014)	
Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymi:			
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga .....	0	( 1.395)	
Afskriftir eigna til eigin nota .....	973	73	
Tekjuskattur .....	7( 3.379)	( 3.822)	
Veltu fé til rekstrar	( 19.320)	( 21.158)	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir, breyting .....	( 74.279)	( 10.069)	
Skammtímaskuldir, breyting .....	58.174	12.934	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	( 16.105)	2.865	
Handbært fé til rekstrar	( 35.425)	( 18.293)	
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Yfirtekið handbært fé við fjárfestingu í dótturfélagi .....	4 115.078	0	
Fjárfesting í dótturfélögum .....	0	( 3.000)	
Fjárfesting í fjárfestingareignum .....	8( 144.494)	0	
Fjárfesting í eignum til eigin nota .....	9( 3.850)	( 3.850)	
Krafa á tengda aðila, breyting .....	0	( 49.849)	
Fjárfestingarhreyfingar	( 33.266)	( 56.699)	
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Innborgað nýtt hlutafé .....	12 500	500	
Skuldir við tengd félög, breyting .....	7.034	7.034	
Vaxtaberandi skuldir, breyting .....	178.952	367.458	
Fjármögnunarhreyfingar	186.486	374.992	
<b>Hækkan á handbæru fé .....</b>	<b>117.795</b>	<b>300.000</b>	
<b>Handbært fé í byrjun tímabils .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>117.795</b>	<b>300.000</b>	
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:</b>			
Fjárfesting í dótturfélagi .....	4 0	( 1.500.000)	
Vaxtaberandi skuldir .....	4 0	1.500.000	
Fjárfesting í fjárfestingareignum .....	15( 1.522.000)	0	
Ógreitt kaupverð fjárfestingaeigna .....	15 1.522.000	0	

# Skýringar

---

## 1. Félagið

Reginn ehf. er með lögheimili að Austurstræti 11 í Reykjavík. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2009 hefur að geyma samstæðu ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar, og ársreikning móðurfélagsins.

Félagið er dótturfélag NBI hf. sem hefur lögheimili að Austurstræti 11 í Reykjavík. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningsskilum móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Regins ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, þein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga og tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

### b. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

### c. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við ársreikningalög krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beiingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 8 um mat á fjárfestingareignum.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangvirði kann að vera frábrugðið þessu mati. Við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslifi er mikil óvissa um raunverulegt verðmæti eigna félagsins.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### b. Innlausn tekna

Leigutekjur af fasteignum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga yfir leigutímann.

**c. Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir (land eða húseign) sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvoru tveggja. Fjárfestingareignir eru ekki til nota í framleiðslu, framboði á vörum og þjónustu, eigin nota eða til sölu í reglubundinni starfsemi félagsins.

Í upphafi eru fjárfestingareignir bókaðar á kostnaðarverði, sem er samansett af kaupverði og öllum beinum útgjöldum sem eru tilkomin til að undirbúa fasteignina til fyrrhugaðra nota, þ.a.m. kostnaður sem tilkominn er vegna kaupa á fasteigninni. Kostnaður, sem fellur til í kjölfar kaupa á fjárfestingareign, sem bætir við, endurnýjar, eða þjónustar fasteign er aðeins eignfærður ef hann uppfyllir almennar kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Samkvæmt þessu, er kostnaður sem fellur til vegna viðgerða og viðhalds fasteigna ekki innifalinn í bókfærð virði fjárfestingareigna heldur er hann gjaldfærður í rekstrarrekningi þegar til hans er stofnað. Hinsvegar, er kostnaður sem fellur til við verulegar endurbætur á því sem fyrir er í fasteigninni, eignfærður á fjárfestingareignina á þeim tíma sem kostnaðurinn fellur til, að því gefnu að hann uppfylli kröfur um heimild til eignfærslu samkvæmt reikningsskilareglum. Á sama tíma er bókfært virði þess sem var endurnýjað afskrifað. Ef erfitt reynist að meta hversu mikil ber að afskrifa vegna endurnýjunar á fjárfestingareigninni, þá ber félagini fyrst að bæta nýju fjárfestingunni ofan á verðmæti fjárfestingareignarinnar og í framhaldi af því að endurmæta gangvirði fjárfestingareignarinnar að teknu tilliti til viðbótarinnar, en án þess hlutar sem var endurnýjaður.

**d. Eignir til eigin nota**

Eignir til eigin nota eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í eignum til eigin nota er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarrekningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar og tæki .....	5 ár
Innréttningar, áhöld og tæki .....	5-7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

**e. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar vegna niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

**f. Handbært fé**

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

**g. Tekjuskattur**

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi. Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

## Skýringar, frh.:-

### 4. Kaup á dótturfélögum

Félagið gekk í lok desember frá kaupum á öllu hlutafé í Fasteignarfélagi Íslands hf. Kaupverð var fjármagnað með láni frá Landsbankanum (NBI hf.). Rekstur félagsins varð hluti af Reginn-samstæðunni frá og með 1. janúar 2010.

	Bókfært verð við yfirtöku	Gangvirði við yfirtöku
Fjárfestingareignir .....	13.465.372	13.465.372
Eignir til eigin nota .....	117.555	117.555
Áhættufjármunir og langtímakröfur .....	92.656	92.656
Viðskipta- og aðrar skammtímkröfur .....	266.545	266.545
Handbært fé .....	115.078	115.078
Tekjuskattsskuldbinding .....	( 137.205)	( 137.205)
Vaxtaberandi skuldir .....	( 12.153.560)	( 12.153.560)
Viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir .....	( 266.441)	( 266.441)
Hrein eign .....	1.500.000	1.500.000
 Kaupverð .....	 1.500.000	 1.500.000

### 5. Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna

Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna greinist þannig:

	Samstæðan	Móðurfélag
Sérfræðikostnaður tengdur fasteignum .....	4.444	1.927
Annar rekstrarkostnaður fjárfestingaeigna .....	25.566	7
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna alls .....	30.010	1.934

### 6. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	29.569	18.147
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	4.523	4.523
Afskriftir .....	73	73
Annar rekstrarkostnaður .....	12.072	7.860
Eignfærð vinna .....	( 7.000)	0
Stjórnunarkostnaður alls .....	39.237	30.603

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	21.516	11.999
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	2.113	1.269
Ökutækjastyrkur .....	514	514
Áfallið orlof, breyting .....	3.343	3.343
Önnur launatengd gjöld .....	2.083	1.022
Laun og launatengd gjöld alls .....	29.569	18.147

Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....

13

4

## Skýringar, frh.: ---

### 7. Tekjuskattur

Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu var 17,4% (móðurfélag: 19,3%).

Í desember 2009 samþykkti Alþingi hækkan á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18% frá og með 1. janúar 2010 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Áhrifin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi félagsins.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	<b>Samstæða</b>	<b>Móðurfélag</b>
Tap fyrir skatta .....	( 19.393)	( 19.836)
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli .....	15,0%	2.909
Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli .....	3,0%	582
Áhrif dótturfélaga .....	0,0%	0
Ófærð tekjuskattseign .....	( 0,6%)	( 112)
Virkur tekjuskattur .....	<u>17,4%</u>	<u>3.379</u>
	<u>19,3%</u>	<u>3.822</u>

### 8. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir samstæðunnar greinast þannig:

**2009**

Yfirtekið við kaup á dótturfélagi .....	13.465.372
Aðrar viðbætur á árinu .....	1.666.494
Bókfært verð í árslok .....	<u>15.131.866</u>

#### **Helstu forsendur**

Við ákvörðun gangverðs er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Rauverulegt gangverð kann að vera frábrugðið þessu mati. Við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi og þá óvissu sem ríkir um rekstur félaga er meiri óvissa en ella um rauverulegt verðmæti eigna.

Í gangvirðismati fjárfestingareigna er byggt á stjóðstreymislíkani þar sem tekjur miðast við fyrirliggjandi leigusamninga og væntrar þróunar þeirra samninga. Til framtíðar er gert ráð fyrir um 0,55% hækken leigu umfram verðbólgu sem er lægri en söguleg þróun leiguverðs. Áætluð rekstrargjöld eru dregin frá tekjum.

Grunnurinn að ávöxtunarkröfu stjóðsteymismatsins eru áhættulausir vextir byggðir á verðtryggðum skuldabréfum tryggðum af ríkinu (HFF húsnæðisbréf). Tekið er tillit til núverandi óvissu í íslensku efnahagslífi með því að skipta ávöxtunarkröfu matsins upp í tímabil, fyrst ár 1-8 og tímabilið eftir ár 8.

Í mati á ávöxtunarkröfu eiginfjár er gert ráð fyrir sérstöku á lagi vegna óvissu á fyrra tímabilinu sem er tilkomin vegna aukinnar greiðslufallsáhættu leigutaka. Á móti kemur að spá um áhættulausa vexti er hærri á síðara tímabilinu. Niðurstaðan er að ávöxtunarkrafa eiginfjár er metin á bilinu 10,6%-11,1%

Mat á virði fjárfestingareigna gerir ráð fyrir 70% skuldsetningu til framtíðar.

Vaxtaálag er áætlað um 4,3% á fyrri hluta spátímabilsins en lækkar í 3,0% eftir áttunda ár. Með þessu er tekið tillit til erfiðari aðstæðna á lánsfármarkaði og þeirra kjara sem þar bjóðast.

Niðurstöður mats fjárfestingareigna jafngildir um 129 mánaða endurgreiðslustuðli (payback) og um 6,8% ávöxtun eigna (net-yield).

#### **Fasteignamat og brunabótamat**

Í árslok 2009 nam vártryggingarfjárhæð fjárfestingareigna 16.788 millj. kr. og eigna til eigin nota 159 millj. kr. Fasteignamat fjárfestingareigna nam í árslok 10.591 millj. kr. Félagið kaupir viðbótartryggingar þar sem þess er börf.

## Skýringar, frh.:

### 8. Fjárfestingareignir, frh.:

#### **Veðsetningar**

Í árslok eru fjárfestingareignir og rekstrarfjármunir að bókfærðu virði 14.087 millj. kr. veðsettar til tryggingar á skuldum félagsins að fjárhæð 9.736 millj. kr.

### 9. Eignir til eigin nota

Eignir til eigin nota greinast þannig:

#### **Samstæða**

	Bifreiðar	Innréttigar, áhöld og tæki	Alls
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi .....	18.980	98.575	117.555
Aðrar viðbætur á árinu .....	3.850	0	3.850
Kostnaðarverð í árslok .....	22.830	98.575	121.405
 Afskrift ársins .....	( 73)	0	( 73)
Afskrifað alls í árslok .....	( 73)	0	( 73)
 Bókfært verð í árslok .....	22.757	98.575	121.332

#### **Móðurfélag**

Viðbót á árinu .....	3.850	0	3.850
Kostnaðarverð í árslok .....	3.850	0	3.850
 Afskrift ársins .....	( 73)	0	( 73)
Afskrifað alls í árslok .....	( 73)	0	( 73)
 Bókfært verð í árslok .....	3.777	0	3.777
Afskriftahlutföll .....	20%	14 - 20%	

### 10. Áhættufjármunir og langtímakröfur

Áhættufjármunir og langtímakröfur félagsins greinast þannig:

**2009**

Skuldabréfaeign .....	88.309
Fyrirframgreiddar tryggingar .....	4.347
Áhættufjármunir og langtímakröfur alls .....	92.656

### 11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	<b>Samstæða</b>	<b>Móðurfélag</b>
Viðskiptakröfur .....	240.575	0
Kröfur vegna gjafakorta .....	17.635	0
Fyrirfram greiddur kostnaður og aðrar skammtímakröfur .....	86.925	10.069
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur alls .....	345.135	10.069

## Skýringar, frh.:

### 12. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 0,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.

#### Yfirlit um eiginfjárréikninga

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samtals
Innborgað hlutafé .....	500		500
Tap ársins .....		( 16.014)	( 16.014)
Eigið fé 31.12.2009 .....	500	( 16.014)	( 15.514)

### 13. Vaxtaberandi skuldir

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar og móðurfélagsins, sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Langtímaskuldir með veði í fjárfestingareignum .....	9.327.982	0
Verðtryggð skuldabréaútgáfa .....	2.797.988	0
Önnur langtímalán .....	1.500.000	1.500.000
	13.625.970	1.500.000
Næsta árs afborganir .....	( 4.154.867)	( 300.000)
Vaxtaberandi langtímaskuldir alls .....	9.471.103	1.200.000

Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Næsta árs afbonganir .....	4.154.867	300.000
Yfirdráttarlán .....	210.853	67.458
Vaxtaberandi skammtímaskuldir alls .....	4.365.720	367.458

Vaxtaberandi skuldir alls .....

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Samstæða	Móðurfélag		
	Vextir	Eftirstöðvar	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, verðtryggð .....	5,50%	3.123.899	5,50%	1.500.000
Skuldir í ISK, óverðtryggð .....	14,00%	2.781.153	14,00%	67.458
Skuldir í EUR .....	5,13%	4.181.011	-	0
Skuldir í USD .....	5,97%	2.029.442	-	0
Skuldir í GBP .....	5,93%	878.073	-	0
Skuldir í JPY .....	4,63%	451.356	-	0
Skuldir í öðrum myntum .....	4,80%	391.889	-	0
		13.836.823		1.567.458

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2010 .....	4.154.867	300.000
Afborganir 2011 .....	6.899.791	1.200.000
Afborganir 2012 .....	164.588	0
Afborganir 2013 .....	164.588	0
Afborganir 2014 .....	164.588	0
Afborganir síðar .....	2.077.548	0
	13.625.970	1.500.000

## Skýringar, frh.:

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

(Tekjuskattsskuldbinding) -eign félagsins greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	3.379	3.822
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi .....	( 137.205)	0
(Tekjuskattsskuldbinding) -eign í árslok, nettó .....	<u>( 133.826)</u>	<u>3.822</u>
 Tekjuskattseign í árslok .....	 4.521	 3.822
Tekjuskattsskuldbinding .....	( 138.347)	0
(Tekjuskattsskuldbinding) -eign í árslok, nettó .....	<u>( 133.826)</u>	<u>3.822</u>

Tekjuskattseign (-skuldbinding) í árslok skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Samstæða	Eignir	Skuldir	Nettó
Fjárfestingaeignir .....	( 446)	( 854.615)	( 855.061)
Eignir til eigin nota .....	( 125)	30.538	30.413
Viðskiptakröfur .....	0	11.880	11.880
Frestaður skattalegur gengismunur .....	0	35.703	35.703
Yfirlægð skattalegt tap .....	5.092	638.147	643.239
Tekjuskattseign (-skuldbinding) í árslok .....	<u>4.521</u>	<u>( 138.347)</u>	<u>( 133.826)</u>

### Móðurfélag

Eignir til eigin nota .....	( 125)	0	( 125)
Yfirlægð skattalegt tap .....	3.947	0	3.947
Tekjuskattseign í árslok .....	<u>3.822</u>	<u>0</u>	<u>3.822</u>

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2010 vegna skattalegs taps á árinu 2009. Yfirlægð skattalegt tap samstæðunnar nemur 9.533 millj. kr. (móðurfélagið: 22 millj. kr.) í árslok 2009 og greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Skattalegt tap ársins 2001, nýtanlegt til ársloka 2011 .....	145.667	0
Skattalegt tap ársins 2006, nýtanlegt til ársloka 2016 .....	1.374.889	0
Skattalegt tap ársins 2006, nýtanlegt til ársloka 2016 .....	154.451	0
Skattalegt tap ársins 2008, nýtanlegt til ársloka 2018 .....	6.670.379	0
Skattalegt tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019 .....	1.187.185	21.927
Yfirlægð skattalegt tap alls .....	<u>9.532.571</u>	<u>21.927</u>

Tekjuskatteign að fjárhæð 1.073 millj. kr. vegna yfirlægðs taps Fasteignarfélags Íslands hf. er ekki færð til eignar vegna óvissu um nýtingu hennar.

### 15. Ógreitt kaupverð fjárfestingareigna

Á árinu fjárfesti félagið í tveimur fasteignum, í árslok nam skuld félagsins vegna kaupanna 1.522 millj. kr. í janúar 2010 gerði félagið lánasamning við Landsbankann (NBI hf.) um fjármögnun á kaupunum.

### 16. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir .....	218.734	7.464
Aðrar skammtímaskuldir .....	105.881	5.470
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>324.615</u>	<u>12.934</u>

## Skýringar, frh.:

### 17. Tengdir aðilar

#### **Skilgreining tengdra aðila**

Móðurfélög og dótturfélög félagsins, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

#### **Tengdir aðilar með veruleg áhrif**

Félagið átti ekki í viðskiptum við stjórnarmenn eða félög sem þessir aðilar eru tengdir.

#### **Viðskipti við stjórnendur**

Félagið átti ekki í viðskiptum við stjórnendur félagsins.

#### **Viðskipti við tengda aðila**

Félagið átti ekki í viðskiptum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra eða félög á þeirra vegum.

#### **Í efnahagsreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila:**

	Samstæða	Móðurfélag
Skammtímakrafa á R-Höllina ehf. ....	0	43.358
Skammtímakrafa á Knatthöllina ehf. ....	0	3.112
Skammtímakrafa á Fasteignarfélag Íslands ehf. ....	0	3.112
Skammtímakrafa á Reginn þróunarfélag ehf. ....	0	89
Skammtímakrafa á Reginn Ibúðarhúsnæði ehf. ....	0	89
Skammtímakrafa á Reginn atvinnuhúsnæði ehf. ....	0	89
Viðskiptaskuld við Landsbankann (NBI hf.) .....	( 7.034)	( 7.034)
Vaxtaberandi skuld við Landsbankann (NBI hf.) .....	( 5.636.144)	( 1.567.458)
Ógreitt kaupverð fjárfestingareigna við Landsbankann (NBI hf.) .....	( 702.000)	0

#### **Í rekstrarreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengdan aðila:**

Vaxtatekjur frá Landsbankanum (NBI hf.) .....	98	0
Vaxtagjöld til Landsbankans (NBI hf.) .....	( 3.072)	( 694)

### 18. Eignarhlutur í dótturfélögum / skuldbinding vegna dótturfélaga

Í árslok voru dótturfélög móðurfélagsins fjögur, að auki eiga dótturfélugin sjö félög og þau eru:

	Eignarhluti
Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf. ....	100%
Fasteignarfélag Íslands hf. ....	100%
Knatthöllin ehf. ....	100%
Kvikmyndahöllin ehf. ....	100%
Reginn A1 ehf. ....	100%
Reginn atvinnuhúsnæði ehf. ....	100%
Reginn Í1 ehf. ....	100%
Reginn Ibúðarhúsnæði ehf. ....	100%
Reginn þr1 ehf. ....	100%
Reginn þróunarfélag ehf. ....	100%
R-Höllin ehf. ....	100%

Dótturfélugin eru færð í samstæðureikninginn. Í ársreikningi móðurfélagsins er eignarhlutur í dótturfélögum með jákvætt eigið fé færður til eignar. Hlutdeild í neikvæðu eigin fé dótturfélaga var færð til lækkunar á kröfum á viðkomandi dótturfélög þar sem það á við. Skuldbinding vegna neikvæðs eiginfjár dótturfélaga er sýnd sérstaklega að því marki sem kröfur á viðkomandi félag eru lægri en skuldbinding vegna neikvæðs eigin fjár þess.

Skýringar, frh.:

---

**18. Eignarhlutur í dótturfélögum / skuldbinding vegna dótturfélaga, frh.:**

Eignarhlutur móðurfélagsins í dótturfélögum greinist þannig í árslok:

	<b>2009</b>
Fasteignafélag Íslands hf. ....	1.500.000
Reginn atvinnuhúsnæði ehf. ....	5.617
Reginn íbúðarhúsnæði ehf. ....	323
Eignarhlutur í dótturfélögum móðurfélagsins alls ....	<u>1.505.940</u>

Skuldbinding móðurfélagsins vegna dótturfélags greinist þannig í árslok:

Reginn þróunarfélag ehf. ....	1.545
Krafa á Reginn þróunarfélag ehf. ....	( 89)
Skuldbinding vegna dótturfélags alls ....	<u>1.456</u>